



## Atvinnuleysi óbreytt í febrúar – minnkar væntanlega næstu mánuði

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í febrúar 5,2% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði. Alls voru 10.211 á atvinnuleysisrá í lok febrúar, 5.791 karl og 4.420 konur.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 11,6% og hefur því minnkað um 6,4 prósentustig síðan.

Vinnuálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni verða eilítið minna í marsmánuði, rúmlega 5%. Atvinnuleysi hefur síðustu mánuði verið álíka og það var í upphafi ársins 2020, áður en faraldurinn skall á.

### Lítill breyting nær alls staðar á landinu


Atvinnuleysi breyttist ekki mikið á flestum stöðum á milli janúar og febrúar. Atvinnuleysi minnkaði mest um 0,4 prósentustig á Norðurlandi eystra og um 0,3 prósentustig á Suðurnesjum. Atvinnuleysi er áfram langmest á Suðurnesjum, en það hefur nú verið undir 10% á Suðurnesjum í sjö mánuði, en hæst fór það í 24,5% í febrúar 2021. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum fór í fyrsta skipti niður fyrir 10% í febrúar en hæst fór það í 28,5% í febrúar 2021.

### Atvinnuleysi meira meðal karla

Atvinnuleysi karla jókst eilítið á milli janúar og febrúar og atvinnuleysi kvenna var óbreytt. Atvinnuleysi karla í febrúar var 5,3% á meðan það var 5,0% meðal kvenna. Atvinnuleysi meðal kvenna var meira en karla fram eftir árinu 2021, en í nóvember tóku karlarnir fram úr og hefur munurinn aukist lítillega síðan.


Munurinn á atvinnuleysi karla og kvenna er mestur á Suðurlandi, en þar er atvinnuleysið 1,3 prósentustigum hærra meðal karla. Á höfuðborgarsvæðinu er atvinnuleysi karla 0,8 prósentustigum meira en kvenna og ráða þær tölur auðvitað miklu um niðurstöðuna fyrir landið allt.

Skráð atvinnuleysi



Heimild: Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í janúar og febrúar 2022



Heimild: Vinnuálastofnun



### Fjöldi auglýstra starfa nokkuð stöðugur

Fjöldi nýrra auglýstra starfa hjá Vinnumálastofnun hefur verið nokkuð stöðugur síðustu mánuði, á bilinu 4-500. Þetta er nokkuð minna en var á tímabilinu mars til september í fyrra þegar áttak í atvinnumálum hófst, en töluvert meira en var í upphafi ársins 2021.

Enn sem komið er flokkast stór hluti þessara starfa sem átaks- og reynsluverkefni. Þannig hafa um þrír fjórðu hlutar nýrra auglýstra starfa verið átaks- og reynsluverkefni fyrstu tvo mánuði ársins 2022. Hæst fór þetta hlutfall í næstum 100% í apríl og maí 2021, en hefur farið lækkandi síðan, reyndar með nokkrum sveiflum.


### Óvissa, en samt ástæða til bjartsýni

Atvinnuleysi hefur nú verið svipað í sex mánuði og lítið eitt meira en var í febrúar 2020, áður en faraldurinn skall á. Góður árangur í baráttunni við atvinnuleysið hefur ekki hvað síst náðst með mikilli notkun ráðningarstyrkja. Ráðningarsambönd á grundvelli þessara styrkja hafa haldið nokkuð vel eins og reynsla fyrri ára hefur sýnt.

Staðan núna er því nokkuð góð miðað við árstíma og frekar líklegt að það dragi úr atvinnuleysi með hækkandi sól. Þá hefur einnig dregið úr langtímaatvinnuleysi á síðustu mánuðum. Í lok febrúar höfðu 3.439 verið án vinnu í meira en ár, 140 færri en í janúar.


Óvissan er þó mikil, aðallega vegna stríðsátaka og stöðunnar í heimshagkerfinu. Líklegt er að hingað komi fjöldi flóttamanna frá Úkraínu, en til lengri tíma gætu margar vinnandi hendur fylgt þeirri þróun, eitthvað sem okkur Íslendinga vantar oft.

Atvinnuleysi karla og kvenna í febrúar 2022



Heimild: Vinnumálastofnun

Auglýst ný störf í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun



Heimild: Vinnumálastofnun

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.